



Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

FAS23020044

„Rammasamningur um eftirlit á slökkvitækjum og öðrum eldvarnarbúnaði“ EES útboð nr. 15727

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð í dag 18. apríl. Alls buðu fjögur fyrirtæki: Nortek ehf, Securitas hf, Öryggismiðstöð Íslands hf og Ólafur Gíslason & Co hf.

Það var verðkarfa er innihélt 32 vöruliði. Fyrir þessar verðkörfu var reiknað samtals vegið einingaverð án VSK sem voru notuð til að bera saman tilboðin.

Buðu fyrirtækin eftirfarandi verð:

Eftirfarandi tilboð bárust:	Samtals vegið einingaverð án VSK (ISK)
1 Nortek ehf.	Kr. 6.304
2 Securitas hf.	Kr. 5.560
3 Öryggismiðstöð Íslands hf.	Kr. 2.980
4 Ólafur Gíslason & Co hf.	Kr. 1.912

Samkvæmt grein 0.8 í útboðsgögnum verður samið við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli samtals vegins einingaverðs án VSK af tilboðsblaði.

Innkaupaskrifstofa er búin að yfirfara tilboðin hvað varðar fjárhagslegt og tæknilegt hæfi og uppfyllir tilboð Ólafs Gíslasonar & Co kröfur útboðsgagna. Innkaupaskrifstofa leggur því til að semja við Ólaf Gíslason & Co sem átti hagkvæmasta gilda tilboðið.

Gildistími samnings er fjögur ár frá því að samningur kemst á. Hægt er að segja samningi upp með þriggja mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi níu mánuðum eftir gildistöku samnings.

Virðingarfyllst,
Óskar Long Einarsson
Sérfræðingur
Innkaupaskrifstofa

Óskar Long Einarsson